



ALMENNAR REGLUR OG LEIÐBEININGAR

Eftirfarandi reglur, ásamt viðbótum og breytingum sem birtar verða á hverjum keppnisstað af mótisstjórn, munu gilda í mótum sem haldin eru á vegum Gólfesambands Íslands árið 2020.

Til leikmanns

Samkvæmt reglu 1.3 eru leikmaðurinn og kylfuberi hans ábyrgir fyrir að kunna reglurnar. Á meðan fyrirskipuð umferð er leikin hlýtur leikmaðurinn viðeigandi víti fyrir sérhvert reglubrot kylfubera síns.

1. Vertu snyrtileg(ur) til fara.
2. Mættu tímanlega á teig.
3. Berðu virðingu fyrir öðrum leikmönnum og komdu heiðarlega fram við aðra leikmenn. Hafðu hugfast að þú spilar fyrir klúbbinn þinn og átt að vera honum til sóma.
4. Leiktu án tafar og kallaðu til dómara ef vafaatriði koma upp.
5. Yfirfarðu skorkort þitt vandlega að leik loknum og afhentu það mótisstjórn eins fljótt og unnt er. Leikmaður ber ábyrgð á eigin skori.
6. Þegar slegið er má leikmaður ekki:
 - a. Þiggja áþreifanlega aðstoð eða skjól fyrir höfuðskepnunum
 - b. Leyfa kylfubera sínum, samherja eða kylfubera hans að taka sér stöðu á eða nærri framlengdri leiklínu, þúttlínu bak við boltann eða horfa í gegnum sveiflufiril.

Í höggleik er leikmönnum ætlað að gæta hagsmuna annarra keppenda í mótinu. Sem ritara ber þér að fylgjast nákvæmlega með skori þess leikmanns sem þú ritar fyrir og ættir að skrá það jafnóðum holu fyrir holu. Leikmenn skulu veita starfsmönnum mótsins upplýsingar um skor þegar eftir því er leitað.

Almennt víti fyrir brot á golfreglu eru 2 högg í víti. Alvarleg brot geta varðað frávísun.

Til kylfubera

Kylfuberi má auk þess að bera/draga útbúnað leikmanns, aðeins veita honum ráð samkvæmt golfreglum. Önnur afskipti eru óheimil.

Kylfuberi skal aldrei hafa orð fyrir keppanda og skal halda samskiptum við aðra keppendur í lágmarki. Kylfuberi og leikmaður hans geta að sjálfsögðu ráðfært sig hvor við annan á hófstílltan og lítið áberandi hátt, en það er ávallt kylfingurinn sem tjáir sig við aðra keppendur. Höfum hugfast að golfleikur krefst mikillar einbeitingar og að minnsta áreiti getur komið keppanda úr jafnvægi.

Brot á framangreindu geta leitt til brottvikningar kylfubera eftir aðvörun dómara.

Kylfuberi keppanda skal klæðast vesti frá GSÍ óski mótisstjórn þess. Keppandi ber ábyrgð á að skila vestinu um leið og skorkorti síðustu umferðar er skilað.

Reglur fyrir æfingahringi

- Leyfilegt er að slá tvö upphafshögg af teig.
- Hitti leikmaður ekki flöt, má slá eitt aukahögg að henni.
- Ef leikmaður hittir flöt, er bannað slá annan bolta að flötinni.
- Taka má þrjú vipp úr flatarkanti, en aðeins ef enginn er að bíða.
- Slá má tvö glompuhögg inn á flöt á hverri holu, ef enginn bíður.
- Þúttá má fimm sinnum á flöt, sé enginn leikmaður að bíða.
- Leikmenn eiga að fylgja viðmiðum golfreglnanna um hegðun við æfingar og keppni.
- Víti fyrir brot á þessum reglum er: Fyrsta brot = aðvörun. Endurtekið brot = frávísun af vellinum